



244. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, mánudaginn 9. nóvember 2015, kl. 14:00.

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari B. Thorarensen, Ísólfur Gylfi Pálmason og Ásta Stefánsdóttir.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Stjórn SOS skiptir með sér verkum.

Lagt var til að Jón G. Valgeirsson verði formaður, Aldís Hafsteinsdóttir verði varaformaður og Ásta Stefánsdóttir verði ritari. Sömu aðilar skipi viðræðuhóp við Sorpu.

Var það samþykkt samhljóða.

2. Vinna SASS fyrir SOS – greiningarvinna.

Bjarni Guðmundsson, Sólveig Sjöfn Ragnarsdóttir og Finnbogi Alfreðsson komu inn á fundinn. Samningurinn við SASS rennur út um næstu áramót.

Rætt var um framlengingu samningsins og þau verkefni sem þarf að vinna fyrir SOS, t.d. í tengslum við reikningagerð og skráningar.

3. Samningur við Sorpu, framlenging.

Samþykkt var að óska eftir framlengingu á samningi við Sorpu til eins árs.

Formanni er falið að ganga frá samningi.

4. Nessandur. Farið var yfir stöðu mála.

Fulltrúar Sveitarfélagsins Ölfuss, Sveinn Steinarsson og Gunnsteinn Ómarsson, komu inn á fundinn.

Rætt var um möguleikann á að opna svæði fyrir sorpmeðhöndlun í Ölfusi. Fulltrúar Ölfuss kváðu erindi stjórnar Sorpstöðvar og Sorpu verða svarað á næsta bæjarstjórnarfundi.

5. Orkugerðin.

Farið var yfir stöðu mála. Komi til þess að nauðasamningar verði staðfestir samþykkir stjórnin lækkun hlutfjár Sorpstöðvar í Orkugerðinni niður í lágmark.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16:00.

